

Ljósleiðari við línuveg Suðurnesjalínu 1 á Reykjanesi

Greinargerð um merkingu minjastaða



Ragnheiður Gló Gyldfadóttir

FS944-23201

Reykjavík 2023

Fornleifastofnun Íslands



Ljósmynd: Á ljósmynd er Óttarstaðaselstígur og merkingar við línuveginn. Ljósmyndari Stefán Ólafsson.

© 2023

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Forsendur

Ljósleiðarinn ehf fyrirhugar að plægja ljósleiðara í línuveg Suðurnesjalínu 1 á Reykjanesi og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki sumarið 2023. Plægingarleiðin nær frá Álphelli í Hafnarfirði vestur að gagnaveri *atNorth* í Reykjanesbæ, alls um 27 km að leið og er áhrifasvæði lagnar um 30 m á breidd. Plægingarleiðin liggur í röskuðu landi og ólíklegt að fornleifar verði fyrir raski vegna framkvæmdarinnar.

Ekki var unnin sérstök fornleifaskráning vegna lagnarinnar þar sem plægingarleiðin hafði öll verið hluti af eldri fornleifaskráningu vegna annara verkefna, bæði deiliskráningar sem og

MÍ númer	Titill	Útgáfuár
2679	Fornleifaskrá Hafnarfjarðar. Hraunjarðir Sunnan Reykjanesbrautar	2021
2222_1	Endurskoðun á skýrslum um fornleifar í Hafnarfirði vegna framkvæmdaleyfis fyrir Suðurnesjalínu 2	2014
2969	Fornleifaskrá Reykjanesbæjar	2008
2936	Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ	2009
1981	Grindavíkurvegur: Fornleifaskráning vegna lagfæringa og breikkun vegar	2018
1949	Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla I.	2011
1949	Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla II.	2014
1949	Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla III.	2016
2154	Vogar á Vatnsleysuströnd: Fornleifaúttekt vegna vatnsveituframkvæmda sunnan við þéttbýlið í Vogum.	2019
2626	Eldsumbrot á Reykjaneskaga. Minjar í hættu og viðbrögð Minjastofnunar við náttúruvá – stöðuskýrsla.	2022
2970	Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi og Kolviðarhóli í Árnessýslu að Geithálsi og Straumsvík í Gullbringusýslu	2006
2598	Hafnarfjörður. Fornleifaskráning vegna færslu Reykjanesbrautar í landi Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða og Alfaraleiðarinnar.	2011
2510	Fornleifakönnun, Reykjanesbraut	2001

Tafla 1: Alls eru 13 skýrslur um fornleifaskráningu sem koma við sögu innan plægingarleiðarinnar og er hér listi yfir heiti þeirra og útgáfuár.

aðalskráningar. Sökum þessa taldi Minjastofnun Íslands (*umsögn frá 8. mars 2023 MÍ202302-0119*) ekki þörf á vettvangsgöngum. Í töflu 1 má sjá þær skýrslur sem koma við sögu innan plægingarleiðarinnar.

Innan áhrifsvæðis eru þekktar fornleifar, m.a. leiðir sem þvera plægingarleiðina. Af þeim sökum fór Minjastofnun Íslands fram á að þekktar fornleifar yrðu merktar á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir óþarfa rask. Engra annarra mótvægisáðgerða var krafist.

Samkvæmt úrskurði Minjastofnunar átti að merkja þá minjastaði sem eru innan áhrifsvæðis ljósleiðara með áberandi hætti. Í úrskurði stofnunarinnar eru átta staðir taldir upp: Gerðisstígur/Efrihellnastígur, Straumsselsstígur, Skógargata, Óttarsstaðaselsstígur, Lónakotsselsstígur, Hvassahraunsselsstígur, Skógfellavegur og ein varða. Fornleifastofnun Íslands tók að sér merkingar á þeim minjastöðum sem eru innan áhrifsvæðis, fyrir Ljósleiðarann ehf. Við undirbúning merkinga kom í ljós við yfirferð þeirra skýrslna sem koma við sögu, að fleiri staðir voru innan svæðis en Minjastofnun hafi talið upp, eða alls 16 staðir. Allir staðir sem voru merktir eru sýndir

Samtala (númer)	Tegund	hlutverk	Til uppmæling	Sérheiti
2679-56 (16-93)	tóft	rétt	já	
2679-57 (16-92)	tóft	fjórhus	já	
2679-140 (291-1)	gata	leið	já	Straumsselsstígur
2679-156	varða	landamerki	já	Tobbuvarða
2679-44 (287-1)	heimild	leið	sést ekki innan svæðis	Lónkotsselsstígur
2679-89 (319-9)		leið	já	Lónkotsselsstígur
294-1	gata	leið	nei	Gerðisstígur/Efrihellnastígur
288-1	gata	leið	nei	Skógarstígur
GK-149:040	gata	leið	nei	Þórustaðastígur
GK-641-010	gata	leið	já	Skógarfellavegur
GK-160:043 (32-1)	heimild	leið	sést ekki innan svæðis	Hvassahraunsselsstígur
GK-159:112	varða	óþekkt	nei	
GK-159:128	varða	óþekkt	nei	
GK-159:127	varða	óþekkt	nei	
GK-130:104	varða	óþekkt	nei	
GK-130:103	varða	óþekkt	nei	

Tafla 2: Alls voru 16 fornleifar merktar innan áhrifsvæðis ljósleiðara. Fimm vörður voru ennfremur mældar upp til þess að uppfylla núverandi kröfur til fornleifaskráningar.

í töflu 2. Reknir voru niður hælur við fornleifarnar, dæmi um merkingar má sjá á tveimur myndum hér neðar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“



Heimildir

Atli Rúnarsson. 2021. *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar. Hraunjarðir Sunnan Reykjanesbrautar*. Bygðasafn Hafnarfjarðar, Hafnarfjörður.

Bjarni F. Einarsson. 2009. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson 2006. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsu í Árnessýslu og Kolviðarhóli í Árnessýslu að Geitháslu og Straumsvík í Gullbringussýslu*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. 2014. *Endurskoðun á skýrslum um fornleifar í Hafnarfirði vegna framkvæmdaleyfis fyrir Suðurnesjalínu 2*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson og Sanda Sif Einarsdóttir. 2008. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifakönnun, Reykjanesbraut*. FS133-00141. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2018. *Grindavíkurvegur: Fornleifaskráning vegna lagfæringa og breiðkun vegar*. FS698-18171. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Gylfi Helgason. 2019. *Vogar á Vatnsleysuströnd: Fornleifaúttekt vegna vatnsveituframkvæmda sunnan við þéttbýlið í Vogum*. FS774-19441. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Katrín Gunnarsdóttir. 2011. *Hafnarfjörður. Fornleifaskráning vegna færslu Reykjanesbrautar í landi Öttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða og Alfaraleiðarinnar*. Bygðasafn Hafnarfjarðar, Hafnarfjörður.

Kristborg Þórsdóttir ofl. 2011. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla I*. FS460-07251. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla II*. FS527-07252. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir ofl. 2016. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, Áfangaskýrsla III.*
FS596-072531. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Margrét Valmundsdóttir ofl. 2022. *Eldsumbrot á Reykjanesskaga. Minjar í hattu og viðbrögð
Minjastofnunar við náttúruvá – stöðuskýrsla.* Minjastofnun Íslands, Reykjavík.

